



Viðhorfskönnun foreldra
Frístundasels Lágafellsskóla
Skólaárið 2013-2014

Gunnhildur Harðardóttir
Helena Katrín Hjaltadóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Heildarniðurstöður	4
Samantekt.....	11

Inngangur

Eins og kveðið er á um í lögum um grunn- og framhaldsskóla ber öllum grunnskólum að marka sér stefnu í innra mati og framkvæma samkvæmt henni. Tilgangur sjálfsmats er að meta hina ýmsu þætti skólastarfsins kerfisbundið og finna leiðir til að bæta starfið. Viðhorfskönnun var send á foreldra barna í Frístundaseli á vordögum. Markmiðið var að kanna hug foreldra til starfseminnar með það fyrir augum að bæta þá þætti sem þyrfti. Viðhorf foreldra hefur ekki verið kannað fyrr með þessum hætti.

Rafrænn spurningarlisti var unninn í forritinu Lime Survey. Slóð könnunarinnar var send út til foreldra nemenda í 1. – 4. bekk sem nýta sér Frístundaselið. Svarað var einu sinni fyrir hvert barn og barst svörun frá tæplega 82% foreldra.

Vert er að taka fram að niðurstöður eru byggðar á svörum þeirra sem luku könnuninni. Hér á eftir fara helstu niðurstöður.


Eftirfarandi tafla sýnir svörun foreldra eftir árgöngum.

Tafla 1. Skipting svara foreldra eftir árgöngum

Árgangur	Hlutfall af heildarsvörum
1. bekk	31,29%
2. bekk	35,37%
3. bekk	23,13%
4. bekk	10,20%


Heildarniðurstöður

Foreldrar voru spurðir um skoðun þeirra á starfsemi Frístundaselsins. Niðurstöður sýna að rúmlega 93% foreldra telur starfssemina mjög góða eða góða. Séu niðurstöður skoðaðar eftir árgöngum kemur fram að mest er ánægjan meðal foreldra barna í 4. bekk þar sem 100% svara því til að þeim þyki starfsemin mjög góð eða góð.




Mynd 1. Hver er skoðun þín á starfsemi Frístundaselsins?

Þegar spurt var um hvernig foreldrar teldu agann í Frístundaselinu vera kom fram að tæplega 92% foreldra eru sáttir við agamál frístundar. Rétt rúmlega 6% þykir aginn lítill og tæplega 1% þykja hann of lítill.




Mynd 2. Hvernig telur þú að aginn sé í Frístundaselinu?

Spurt var hvaða skoðun foreldrar hefðu á því húsnaði sem Frístundaselið hefur til afnota. Fram kom að rúmlega 37% foreldra eru sáttir við húsnaðið, rúmlega 37% þykir það í góðu lagi eða í lagi. Rúmlega 25% foreldra þykir húsnaðið ábótavant eða stórlega ábótavant.




Mynd 3. Hver er skoðun þín á húsnaði Frístundaselsins?

Pegar spurt var um hvernig foreldrum þyki viðmót starfsmanna Frístundasels gagnvart barni sínu vera, kom fram að tæplega 95% foreldra þykir viðmót starfsmanna vera mjög jákvætt eða jákvætt.




Mynd 4. Hvernig finnst þér viðmót starfsmanna Frístundaselsins gagnvart barninu þínu vera?

Spurt var hvernig foreldrum þætti viðmót starfsmanna gagnvart þeim vera og kom fram að tæplega 94% þykir það mjög jákvætt eða jákvætt.




Mynd 5. Hvernig finnst þér viðmót starfsmanna Frístundasels gagnvart þér vera?

Foreldrar voru spurðir hvort þeir gætu mælt með Frístundaselinu við aðra forelda. Fram kom að rúmlega 87% foreldra telja sig geta mælt sterklega eða mjög sterklega með Frístundaselinu við aðra forelda. Tæplega 13% töldu sem geta mælt með því að nokkru leyti.




Mynd 6. Getur þú mælt með Frístundaselinu við aðra foreldra?

Foreldrar voru spurðir hvernig barni þeirra líkaði í Frístundaselinu og sýndu niðurstöður að rúmlega 93% foreldrar telja að barninu sínu líki mjög vel eða vel, tæplega 7% töldu því líka sæmilega.




Mynd 7. Hvernig líkar barninu að vera í Frístundaseli?

Kannaður var hugur foreldra til þess hvort bjóða ætti foreldrum að að kaupa hressingu handa börnum sínum í Frístundaseli. Niðurstöður sýna að rúmlega 71% foreldra voru hlynntir því.




Mynd 8. Finnst þér að bjóða ætti foreldrum að kaupa hressingu fyrir börn sín í Frístundaselinu?

Spurt var hvort foreldrar teldu að leggja ætti meiri áherslu á frjálsan leik en nú er gert, fram kom að tæplega 54% foreldra töldu að það væri fínt eins og það er í dag, rúmlega 33% töldu sig ekki hafa forsendur til að meta en tæplega 9% töldu að leggja ætti meiri áherslu á leikinn en nú er gert.



Mynd 9. Telur þú að leggja eigi meiri áherslu á frjálsan leik?


Þegar spurt var hvort foreldrar teldu að leggja ætti meiri áherslu á útivist kom fram að tæplega 24% svöruðu því játandi, tæplega 52% töldu það fínt eins og það er í dag og tæplega 18% töldu sig ekki hafa forsendur til að meta það.



Mynd 10. Telur þú að leggja eigi meiri áherslu á útivist?

Kannað var hvernig foreldrar teldu að barni þeirra hefði líkað í Íþróttafjöri. Fram kom að rúmlega 42% töldu að barninu líkaði mjög vel eða vel og tæplega 37% töldu að barninu hafi

líka mjög illa eða illa. Þegar niðurstöður eru skoðaðar eftir bekkjum kemur í ljós að foreldrar nemenda í 1. bekk telja að rúmlega 49% líki mjög vel eða vel í Íþróttafjöri og rúmlega 23% telja að þeim líki illa eða mjög illa. Foreldrar barna í 2. bekk telja aftur á móti að rúmlega 33% barna líki vel eða mjög vel og rúmlega 48% líki illa eða mjög illa. Séu niðurstöður skoðaðar eftir kynjum er ljóst að stúlkur eru mun ánægðari en drengir með Íþróttafjör þar sem rúmlega 66% líkar mjög vel eða vel og 16% illa eða mjög illa. Rúmlega 29% drengja líkar mjög vel eða vel og rúmlega 44% líkar illa eða mjög illa.



Mynd 11. Hvernig líkar/líkaði barninu í Íþróttafjöri?

Samantekt

Í ár sem var lögð könnun fyrir alla foreldra nemenda 1.-4. bekkjar sem eiga börn sem nýta sér þjónustu Frístundasels með það að markmiði að fá yfirsýn yfir hug foreldra varðandi starfsemina.

Fram kom að mikil ánægja ríkir meðal foreldra með Frístundaselið. Yfir 93% foreldra eru mjög ánægðir eða ánægðir með starfið. Foreldrar eru almennt ánægðir með agamálin í Frístundaselinu þar sem nærri 92% svara því til að vera sáttir við agann. Varðandi húsnæðið sem nýtt er undir starfsemina kemur fram að rúmlega fjórðungur foreldra telja að húsnæðið sé ábótavant eða stórlega ábótavant og er mikilvægt að skoða leiðir til að bæta þá aðstöðu sem nýtt er.

Viðmót starfsmanna í garð nemenda er talið mjög jákvætt eða jákvætt en tæplega 95% foreldra telja svo vera. Þegar viðmót starfsmanna gagnvart foreldrum er skoðað er hlutfall þeirra sem telja það jákvætt eða mjög jákvætt tæplega 94%. Þá telja rúmlega 87% foreldra sig geta mælt sterklega eða mjög sterklega með starsemi Frístundaselsins og tæplega 13% að nokkru leyti.

Foreldrar virðast almennt telja að barninu líki vel í Frístundaseli en rúmlega 93% svara því til að barninu líki mjög vel eða vel og tæplega 7% sæmilega.

Foreldrar voru inntir eftir skoðun varðandi kaup á hressingu fyrir barn sitt í Frístundaseli og kom fram að rúmlega 71% foreldra eru hlynntir hugmyndinni. Verði farið að óskum foreldra væri komin ein leið til að vinna að auknu heilbrigði í fæðuvali nemenda eins og verkefnið um heilsueflandi skóla gerir ráð fyrir auk þess að auka enn þjónustustig við heimilin.

Foreldrar voru spurðir hvort þeir teldu að leggja ætti meiri áherslu á frjálsan leik og útiveru í frístundatímanum. Fram kom að hópur foreldra telur sig ekki hafa forsendur til að meta það en yfir helmingur foreldra taldi að auka ætti áherslu á útiveruna.

Fyrirkomulag Íþróttafjörs hefur verið til skoðunar og var kannað hvernig foreldrar töldu barninu sínu hafa líkað. Fram kom að rúmlega 42% töldu að barninu líkaði mjög vel eða vel og tæplega 37% töldu að barninu hafi líka mjög illa eða illa. Mikil munur var á niðurstöðum þegar litið var til árganga og kynja. Nemendum í 1. bekk líkaði mun betur en nemendum í 2.

bekk og sé horft til kynjanna þá voru stúlkur ánægðari en drengir og munaði þar rúmlega 36%. Ljóst er úr frá þessum niðurstöðum að endurskoða þarf starfsemi Íþróttafjörðs og finna leið til að koma til móts við þann hóp sem líkar illa við núverandi stöðu.

Í opnum svörum kom fram mikil ánægja með starfseminum auk þess sem bent var á þætti sem betur mega fara. Margir nefndu gott starf forstöðumanns sem heldur vel utan um starfseminum og leysir þau mál sem upp koma farsællega. Almennt fékk starfsfólk Frístundasels góða umsögn foreldra og var gott og hlýlegt viðmót tekið fram af allmörgum. Nokkrir nefndu að starfsmenn þyrftu að fylgjast betur með, minnka farsímanotkun og aðstoða nemendur sérstaklega við heimferð svo að töskur og föt færu með þeim heim.

Hávaði í Frístundaseli var nefndur og húsnæðið sem þyrfti að vera betra auk þess sem leggja mætti áherslu á betri umgengni nemenda. Ábendingar bárust varðandi Íþróttafjörð og hópastærðir sem gerðu nemendum þar erfitt fyrir. Einnig kom fram að í Íþróttafjöri þykir foreldrum vanta opnara skipulag sem foreldrar hafa aðgang að til að fylgjast með.

Á haustdögum mun starfsfólk Frístundasels fara yfir niðurstöður könnunarinnar og gera umbótaáætlun varðandi þá þætti sem betur mega fara.